

Verðbreytingar á bréfum til útlanda innan alþjónustu og gjaldskrá pakka innanlands 10 kg+

1. Tilkygning Íslandspósts ohf.

Með tilkygningu Íslandspósts ohf. (ÍSP) dags. 6. júní 2021, tilkynti félagið um breytingar á gjaldskrá á bréfum til útlanda 0-2000g og á gjaldskrá fyrir pakka innanlands 10 kg+, sbr. 1. og 2. mgr. 18. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019.

Áformaði fyrirtækið að breytingarnar tækju gildi þann 1. júlí 2021.

Tilkygning ÍSP tók til eftirfarandi flokka fyrir bréf til útlanda

Samanburður núverandi verðs við nýtt verð.

	Núverandi verð		Ný verð	
	A	B		
Evrópa	póstur	póstur	Bréf til Evrópu	
0-50	250	220	0-50	265
51-100	375	330	51-100	400
101-250	715	625	101-250	755
251-500	1160	1025	251-500	1230
501-1000	2005	1760	501-1000	2125
1001-1500	2725	2405	1001-1500	2890
1501-2000	3245	2855	1501-2000	3440
Utan Evrópu	A	B	Bréf utan Evrópu	
	póstur	póstur		
0-50	315	275	0-50	335
51-100	590	515	51-100	625
101-250	1185	1045	101-250	1255
251-500	1970	1735	251-500	2090
501-1000	3050	2685	501-1000	3235
1001-1500	4125	3630	1001-1500	4375
1501-2000	4925	4355	1501-2000	5220

Í rökstuðningi fyrirtækisins kemur fram að um sé að ræða flata hækkun á alla þyngdarflokka (0-2000gr), eða 6% og að breytingin sé til þess að mæta hækkun á vísitölu neysluverðs síðan að gjaldskrá var breytt síðast í byrjun árs 2019. Einnig mun gjaldskrá bréfa til útlanda samræmast betur gjaldskrá bréfa innanlands eftir þessa hækkun.

Samhliða gjaldskrárbreytingunni sé gerð sú breyting að eftir 1. júlí muni einungis verða boðið upp á „Bréf til útlanda“ og B Póstur þar með lagður niður og einungis boðið upp á einn straum til útlanda. Um ákveðna einföldun sé því að ræða á vöruflokknum.

Pakkar innanlands 10kg+:

Samhliða tilkynningu ÍSP vegna breytingar á gjaldskrá fyrirtækisins til útlanda tilkynnti fyrirtækið um 6% flata hækkun yfir alla þyngdarflokka og að ástæða hækkunarinnar væri hækkun á vísitölu neysluverðs síðan að gjaldskrá var breytt síðast í byrjun árs 2020. Þó að umrædd hækkun falli ekki undir þær reglur sem gilda um breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu telur Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) engu að síður rétt að geta þessarar hækkunar í yfirlýsingu sinni.

Núverandi verðskrá					Ný verðskrá 1. júlí				
Pósthús	Svæði 1	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4	Pósthús	Svæði 1	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4
11-15kg	1947	2669	2717	3188	11-15kg	2064	2829	2880	3379
16-20kg	2307	3223	3267	3928	16-20kg	2445	3416	3463	4164
21-30kg	2667	2964	4003		21-30kg	2827	3142	4243	
31-40kg	2848	4411	4479		31-40kg	3019	4676	4748	
41-50kg	2953	4779	4885		41-50kg	3130	5066	5178	
51-75kg	3459	5965	6168		51-75kg	3667	6323	6538	
76-100kg	3704	6708	7565		76-100kg	3926	7110	8019	
101-150kg	4001	9190	10940		101-150kg	4241	9741	11596	
151-200kg	4360	12155	13879		151-200kg	4622	12884	14712	
201-250kg	4720	13636	16816		201-250kg	5003	14454	17825	
251-300kg	5081	15119	18284		251-300kg	5386	16026	19381	
Heim	Svæði 1	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4	Heim	Svæði 1	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4
11-15kg	2307	3037	3085		11-15kg	2445	3219	3270	
16-20kg	2667	3594	3635		16-20kg	2827	3810	3853	
21-30kg	3028	4336	4370		21-30kg	3210	4596	4632	
31-40kg	3568	5150	5214		31-40kg	3782	5459	5527	
41-50kg	3676	5522	5619		41-50kg	3897	5853	5956	
51-75kg	4794	7449	7637		51-75kg	5082	7896	8095	
76-100kg	5009	8191	9032		76-100kg	5310	8682	9574	
101-150kg	6160	11415	13145		101-150kg	6530	12100	13934	
151-200kg	6522	14377	16082		151-200kg	6913	15240	17047	
201-250kg	6883	15861	19019		201-250kg	7296	16813	20160	
251-300kg	7244	17344	20488		251-300kg	7679	18385	21717	

2. Afstaða PFS, heimildir og eftirlitsúræði

Fjallað er um gjaldskrá alþjónustuveitanda í 17. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019 og er þar að finna þær meginreglur sem gjaldskrá innan alþjónustu skal byggjast á og til hvaða þjónustuflokka hún nær.

Samkvæmt 1. mgr. skulu gjöld fyrir alþjónustu vera viðráðanleg fyrir notendur þannig að þeir geti notfært sér þjónustuna.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. skulu gjaldskrár fyrir alþjónustu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Samkvæmt 4. mgr. er PFS heimilt að krefjast þess að alþjónustuveitandi geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár fyrir þjónustu innan alþjónustu.

Í 5. mgr. 17. gr. er fjallað um þær heimildir sem PFS getur gripið til að því er viðkemur gjaldskrá alþjónustuveitanda, en þær eru:

- Krafist þess að alþjónustuveitandi geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði.
- PFS getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt.
- Tekið mið af gjaldskráum á sambærilegum samkeppnismörkuðum.
- Notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum póstrekkanda.

Jafnframt er í 6. mgr. 17. gr. fjallað um að ef stofnunin telur að gjaldskrá alþjónustu uppfylli ekki skilyrði þessarar greinar gerir stofnunin kröfur um úrbætur.

Eins og fram kemur í 3. mgr. 17. gr. skal gjaldskrá innan alþjónustu byggja á meginreglunni um raunkostnað að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Ekki er því ástæða til að gera athugasemdir af hálfu stofnunarinnar við umrædda tilkynningu ÍSP. Hvorki á grundvelli 6. mgr. 17. gr., né samkvæmt þeim heimildum sem fjallað er um í 3. mgr. 18. gr. laganna.

PFS vill þó taka eftirfarandi fram vegna hækkunar á gjaldskrá félagsins fyrir pakka utan alþjónustu. Í ákvörðun PFS nr. 10/2021 er m.a. vikið að þeim fresti sem Alþingi setti til endurskoðunar á gjaldskrá innan alþjónustu vegna breytinga sem Alþingi gerði á 2. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu. Um það segir m.a. í ákvörðun stofnunarinnar, sbr. umfjöllun í kafla 5.4.

„Með hliðsjón af orðalagi 13. gr. laga nr. 76/2021 og að teknu tilliti til 3. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu og þeirra áhrifa sem nefndin vísar m.a. til að fyrri lagasetning Alþingis hafi haft. Beinir PFS því til ÍSP að félagið endurskoði gjaldskrá félagsins fyrir pakka innan alþjónustu svo fljótt sem verða má og biði ekki til 1. nóvember 2021, eins og heimilt er. Í því samhengi er einnig horft til þess að þann 1. júlí 2021 tekur gildi breytt gjaldskrá fyrir pakka yfir 10 kg. Í því ljósi væri það óeðlilegt ef félagið myndi ákveða að nýta sér allan þann frest sem Alþingi kvað á um.“

Birting ofangreindrar yfirlýsingar, ásamt meðfylgjandi gögnum byggir á 4. mgr. 18. gr. laga um pósthjónustu, en þar kemur fram að breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu ásamt rökstuðningi skulu birtar á vefsíðu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Gögn frá Íslandspósti: Tilkynning Íslandspósts ohf., dags. 6. júní 2021

Kostnaðarlíkan Íslandspósts (ekki birt – trúnaður)

Gögn um bókhaldslega aðgreiningu (ekki birt -trúnaður).